

Sigurður Már Einarsson  
Jón S. Ólafsson

## Minnispunktur vegna verkefnis um fiskistofna og næringarástand fallvatna á vestanverðum Vestfjörðum

### Inngangur

Veidimálastofnunur vinnur nú að rannsóknarverkefni með tilstyrk Fiskræktarsjóðs á vestanverðum Vestfjörðum á svæðinu frá Patreksfirði til Súgandafjarðar. Á þessu svæði fer nú fram stórfelld uppbygging sjókvíeldis og fiskistofnar í ánum geta lent undir álagi. Sjókvíaeldi getur haft áhrif á villta stofna laxfiska bæði erfðafræðileg og vistfræðileg áhrif og því afar brýnt að efla þekkingu á vatnsföllum á þessu svæði. Markmið verkefnisins er einkum að gera úttekt á fiskstofnum í vatnsföllum á svæðinu í þeim tilgangi að afla upplýsinga um búsvæði ána, möguleika til veiðinýtingar og uppbyggingar þeirra. Nær ekkert er vitað um útbreiðslu fisktegunda og veiðinýtingu straumvatna á þessu svæði. Auk þess er nauðsynlegt að afla grunnupplýsinga um frjósemi vatnsfalla í þessum landshluta með tilliti til þörunga, botndýra og laxfiska. Með því á að vera hægt að svara spurningum er lúta að hugsanlegri getu vatnsfalla á vesturhluta Vestfjarðakjálkans til fiskframleiðslu.

Gagnasöfnun í verkefninu stendur nú yfir og valin voru 16 vatnsföll þar sem gerð er úttekt á fiskgengum hluta hvers vatnsfalls. Þar er miðað við að skrá vatnafar og lengd fiskgengra hluta, greina einkenni vatnasviða hvers vatnsfalls, þar sem mæld verður þekja gróðurs, vatna og votlendis út frá tiltækum gagnagrunnum. Mælingar eru gerðar á rafleiðni vatns ( $\mu\text{S}/\text{cm}$ ), sýrustigi (pH) og vatnssýnum safnað til greininga á efnainnihaldi m.a. næringarefna (s.s. sambönd kolefnis, niturs og fosfórs). Sírítandi hitamælum var komið fyrir í 14 ám og þeir látnir mæla fram á haust á klst. fresti. Magn blaðgrænu (Chlorophyll-a) verður mælt á staðnum auk þess sem sýni til greininga á þörungum verða tekin af botni. Magn blaðgrænu gefur góðar vísbendingar um magn þörunga og styrk næringarefna í vatninu. Rekháfar verða notaðir til að mæla magn reks og þar með aðgengilega fæðu fyrir fiska. Skráning upplýsinga um veiðinýtjar sem aflað verður með viðtölum við landeigendur um veiði í einstökum ám. Tegundasamsetning, þéttleiki og vöxtur fiskseiða verður mældur með rafveiðum á 1-2 stöðum í hverri á Tekin verða sýni af kvörnum og hreistri til aldursgreininga. Enn fremur verða sýni af fæðu seiðanna tekin og varðveitt til frekari greininga.

### Niðurstöður

Gagnasöfnun stendur enn yfir og greining á niðurstöðum og túlkun þeirra fer fram nú á næstu vikum og mánuðum. Athyglisverðar upplýsingar hafa þó þegar komið fram um tegundaútbreiðslu og magn seiða í ám á þessu svæði (sjá mynd). Sérstaka athygli vekur veik staða bleikjunnar á þessu svæði. Vestfirðir hafa löngum verið taldir eitt af höfuðvígjum bleikjunnar hérlendis, en í þessari athugun var bleikja einkum sterk í ám í Önundarfirði og í Hænuvíkurá við Patreksfjörð. Bleikja hefur almennt hopað mjög undanfarin 10 ár hérlendis vegna hlýnunar í veðurfari, en engar samanburðarathuganir liggja fyrir á þessu svæði. Ljóst er þó af viðtölum við heimafólk að bleikjuveiði hefur víða minnkað mjög frá því sem áður var m.a. í Önundarfirði.

Einnig vekur athygli að lax mældist öflugur í nokkrum ám á svæðinu m.a. í Staðará í Súgandafirði, Sandsá við Önundarfjörð (á Ingjaldssandi), Sundalsá í Trostansfirði og Dufansdalsá við Bíldudal. Vitað er að lax virðst hafa verið að nema land á þessu svæði á undanförunum árum m.a. í Staðará í Súgandafirði og er þar orðinn uppistaða í veiðinýtingu.

Samkeppnisstaða laxins batnar með hlýnandi veðurfari og getur mögulega skýrt þessar niðurstöður.

Urriði var einnig víða öflugur m.a. í Sandsá við Önundarfjörð, Langá, Ósá og Dufansdalsá í Arnarfirði og í Sauðlauksdalsá við Patreksfjörð.

